



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbref 568 4363 • www.angling.is • info@angling.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/852

komudagur 25.2.2002

Reykjavík, 20. febrúar, 2002

Nefndarsvið Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar þskj. 424

Landssamband veiðifélaga vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri vegna framkomins frumvarps um eldi nytjastofna sjávar.

1. Orðalag frumvarpsins er ónákvæmt. Þegar litið er til hliðstæðra laga t.d. laga um lax og silungsveiði er t.d. ljóst að ekki eru notuð sömu orð til að skilgreina laxfiska. Þar er talað um vatnafiska en í fyrirbyggjandi frumvarpi er talað um ferskvatnsfiska. Þá er í 1. gr. frumvarpsins talað um villta nytjastofna án frekari skilgreiningar. LV telur nauðsynlegt að orðskýringar fylgi frumvarpinu til að koma í veg fyrir ágreining, og jafnvel mögulega mistúlkun á hugtökum er lögin skulu taka til.
2. Lög um eldi sjávar eða vatnafiska miða að mestu að því að koma í veg fyrir að eldið skaði eða mengi umhverfið og stuðla þannig að verndun lífríkis í sjó, ám og vötnum sbr. 1. gr. hins framkomna frumvarps. Ljóst er að sníkjudýr og sjúkdómar í eldisstöð geta haft neikvæð áhrif á viðgang laxastofna ef staðsetning er nálægt ósi laxveiðiáa. Þá er óviðunandi að eldisstöð mengi ósasvæði með úrgangi. LV telur með hliðsjón af framansögðu að í frumvarpið vanti ákvæði um friðunarsvæði þar sem bannað er að starfrækja eldisstöðvar líkt og finna má í 77. gr. l. nr. 76/1970 með síðari breytingum. Slíkar takmarkanir á staðsetningu eldisstöðva geta t.d. falist í að krefja yrði gerð um lágmarks fjarlægð frá veiðivatni (ós veiðiár) að eldisstöð. Eðlilegt er að ráðherra sé gert skylt að setja slík ákvæði í reglugerð að höfðu samráði við veiðiréttareigendur.
3. Að lokum er vill LV hvetja til þess að frumvarpið í heild sinni taki meira mið af 1. gr. þess. Til að svo megi verða þarf að fjalla með ýtarlegri hætti um sambýli eldis og lífríkisins en nú er gert.

Landssamband veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður.